

Til sveitarstjórnar
varðandi niðurfellingu og endurgreiðslu gjalda

Þríhendur um þrjár tunnur.

Tersínu um tunnugjöld ég rita,
tel, að eigi gjöld þau skuli greiða.
Gildir fyrir gáma allra lita.

Gönguslóð, - og eigi brautin breiða.
Bílar naumast heim að húsi aka.
Hér að vetri varnar snjórinna leiða.

Veitast mér hér greiðslur beint til baka?
Bið ég eftir sveitarstjórnar svári.
Svofelld er mín beiðni og ritun raka.

- Kveðja fylgir, - kerlingar- frá skari.

260543-2969

Post scriptum

Aldrei hafa, - áratugi - verið
öskutunnur upp við húsið gamla.
Undantekning greiðslanna því gerið.

Við heygarðshornið sama áfram amla.